

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal staðfesta að þær upplýsingar sem hann veitir um sjúkdóma foreldra eða systkina sinna séu veittar með þeirra samþykki, enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis. Afli váttryggingafélag upplýsinga um sjúkdóma váttryggingartaka eða váttryggðs frá öðrum en honum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki hans. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónu-tryggingu að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

Synji félagið að veita persónu-tryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

Félagið skal halda saman upplýsingum um fjölda þeirra sem er synjað um töku tryggingar eða er gert að greiða hærri iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á lagagrein þessari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.